

Þinggerð 55. Fjórðungspings Vestfirðinga

Árið 2010, föstudaginn 3. September kl 10.30, var sett 55. Fjórðungsping Vestfirðinga í Félagsheimilinu á Hólmavík

1. Þingsetning

Formaður stjórnar Anna Guðrún Edvardsdóttir bauð þingfulltrúa, alþingismenn, gesti og aðra fundargesti velkomna til þingsins. Til þingsins var boðað með bréfi dagsett 2. júlí 2010 ásamt drögum að dagskrá, dagskrá með áorðnum breytingum er samkvæmt **þingskjali 1.**

Kosning þingforseta og ritara

Formaður stjórnar gerði tillögu að embættismönnum þingsins; Valdemar Guðmundsson, fyrrverandi oddviti Strandabyggðar sem þingforseti, Gústaf Jökull Ólafsson oddviti Reykhólahrepps sem vara þingforseti, Katla Kjartansdóttir, Strandabyggð, Jenný Jensdóttir, Kaldrananeshreppi og Bryndís Sveinsdóttir, Strandabyggð og til aðstoðar við ritun þingsins og í nefndarstörfum þær Kristín S. Einarsdóttir, Hafdís Sturlaugsdóttir og Viktoría Rán Ólafsdóttir. Tillagan samþykkt.

Valdemar Guðmundsson, þingforseti tók við stjórn þingsins og bar upp tillögur að skipun nefnda.

Kjörbréfanefnd. Jenný Jensdóttir, formaður, Kaldrananeshreppi, Arnheiður Jónsdóttir, Vesturbyggð og Valgeir Rúnar Hauksson, Súðavíkurhreppi. Tillagan samþykkt og það þingforseti kjörbréfanefnd að taka þegar til starfa.

Kjörnefnd. Elías Jónatansson, formaður, Bolungarvíkurkaupstað, Arna Lára Jónsdóttir, Ísafjarðarbæ, Eiríkur Finnur Greipsson, Ísafjarðarbæ, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafjarðarhreppi og Jón Gísli Jónsson, Strandabyggð. Tillagan samþykkt.

Fjórðungsmálanefnd, Jón Jónsson, formaður, Strandabyggð. Tillagan samþykkt.
Allsherjarnefnd, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, formaður, Ísafjarðarbæ. Tillagan samþykkt

Fjárhagsnefnd. Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað, Ingimundur Óðinn Sverrisson, Vesturbyggð og Oddný S. Þórðardóttir, Árneshreppi. Tillagan samþykkt.

Þingforseti gaf formanni stjórnar orðið til að flytja skýrslu stjórnar..

2. Skýrsla stjórnar

Anna Guðrún Edvardsdóttir, flutti skýrslu stjórnar og vísast til **þingskjals nr 4** til efnisatriða varðandi stefnu sambandsins. Formaður kynnti að Bæjarhreppur hafi með bréfi 2. ágúst s.l. tilkynnt þá ákvörðun nýrrar sveitarstjórnar Bæjarhrepps að segja sig úr Fjórðungssambandi Vestfirðinga. Stjórn Fjórðungssambandsins hefði samþykkt

erindi sveitarfélagsins og tekur úrsögnin gildi á næstu áramótum, sendi hún kveður þingsins til sveitarfélagsins og óskaði þeim velfarnaðar. Í lok skýrslu sinnar þakkaði Anna Guðrún, stjórn, framkvæmdastjóra og sveitarstjórnarfulltúrum samstarfið, en hún lætur nú af störfum eftir fjögurra ára setu.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarssyni orðið.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, flutti skýrslu um verkefni Fjórðungssambandsins og vísast til **þingskjals nr 4** um efnisatriði þeirrar skýrslu. Í lok máls síns þakkaði Aðalsteinn fráfarandi stjórn og formanni fyrir ánægjulegt samstarf og vænti góðs samstarfs með nýjum sveitarstjórnnum og nýrri stjórn sambandsins.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarssyni orðið.

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2009

Ársreikningur 2009 er hluti **þingskjals nr 3**, kynnti Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri áritun endurskoðenda dagsett 21. apríl 2010, er það álit sett fram að ársreikningur gefi glögga mynd af rekstri og efnahag fyrir árið 2009. Bent er á að lífeyrisskuldbinding sambandsins næmi um 38,2 mkr en hún er ekki færð í ársreikning. Aðalsteinn kynnti skýrslu stjórnar dagsett 21. apríl, þar sem gert er grein fyrir tekjum, gjöldum og neikvæðri afkomu. Aðalsteinn kynnti síðan helstu niðurstöðu ársreiknings og skýringar. Vísast að öðru leiti til **þingskjals nr 3**. Gerði hann að tillögu að vísa ársreikningi til umfjöllunar fjárhagsefndar.

Þingforseti gaf Aðalsteini Óskarssyni orðið.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010 og fjárhagsáætlun 2011.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri, kynnti tillögu stjórnar um endurskoðað fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 og fjárhagsáætlun 2011. Vakti hann athygli á að óvissa væri með framlög Jöfnunarsjóðs vegna ársins 2011 vegna almenns efnahagsástands og endurskoðunar á starfsemi sjóðsins. Vísast til þingskjals nr 3. Gerði hann að tillögu að vísa endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2010 og 2011 til umfjöllunar fjárhagsnefndar. Aðalsteinn kynnti að lokum áritun kjörinna endurskoðenda Fjórðungssambands Vestfirðinga, dags 30. ágúst 2010, vísast þar einnig til þingskjals nr 3.

Þingforseti gaf orðið laust til umfjöllunar um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra, ársreikning 2009, fjárhagsáætlanir og álit skoðunarmanna.

Til máls tóku;

Þorgeir Pálsson, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, bar fram spurningu vegna neikvæðrar afkomu og hvort vænta mætti breytinga varðandi framlög til Atvest.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri svarar fyrirspurn Þorgeirs, vísaði hann til umfjöllunar fjárhagsnefndar og þingsins.

Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ: færði fram þakkir til fráfarandi formanns og stjórnar og framkvæmdastjóra. Ræddi hann um stöðu sameiginarmála á Vestfjörðum

og hvert vestfirsk sveitarfélög vildu stefna í þessu máli og hvort um þá stefnu næðist samkomulag.

Þingforseti bar nú upp tillögu um að vísa ársreikningi og fjárhagsáætlunum til fjárhagsnefndar, var tillagan samþykkt samhljóða.

3. Kosning þingnefnda

Kosning þingnefnda fór fram í upphafi þings.

Mál lögð fram, fyrri umræða

a. Mál lögð fram af stjórn sambandsins

Birna Lárusdóttir tók til máls. Kynnti hún ályktun stjórnar á **þingskjali 5**. Um er að ræða heildarályktun sem tekur á mörgum málaflokkum, er yfirskrift ályktunarinnar “Þótt líði ár og öld”, er þar vísað til að mörg þessara mála hafa tekið langan tíma en ekki verði hætt fyrr en þeim markmiðum sé náð fram. Að lokum tjáði Birna að hún hverfi nú af vettvangi sveitarstjórnarmála eftir 12 ára setu í sveitarstjórn. Óskaði hún nýjum sveitarstjórnarfulltrúum velfarnaðar og þakkar stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra fyrir samstarfið. Þingforseti bar upp tillögu um að vísa efni tillögunnar til fjórðungsmálanefndar og allsherjarnefndar, tillagan samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust en engin kvaddi sér hljóðs.

b. Mál lögð fram af þingfulltrúum

Jón Jónsson, Strandabyggð tók til máls. Bauð hann þingfulltrúa og gesti velkomna til Hólmavíkur. Hafði hann síðan framsögu að tillögu um umhverfisvottun Vestfjarða, víast til **þingskjals nr 6** og með þingskjalinu fylgdi greinargerð auk minnisblað sem tekið er saman af Stefáni Gíslasyni, umhverfisfræðingi. Óskaði hann eftir að tillögunni yrði vísað til Fjórðungsmálanefndar.

Ingimundur Óðinn Sverrisson, Vesturbyggð, Hafði framsögu um sameiginlega tillögu Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps þar sem andmælt er fækkun sýslumannsembætti, sjá **þingskjal nr 7**

Kristján Andri Guðjónsson, Ísafjarðarbæ Hafði framsögu um tillögu er varðar löggjöf um strandveiðar. sjá **þingskjal nr 8**

Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi Hafði framsögu um tillögu er varðar skipan nefndar um endurskoðun laga nr 64/1994 um vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Sjá **þingskjal nr 9**

Anna Guðrún Edvardsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað. Hafði framsögu fyrir hönd stjórnar tillögu um endurskoðun á lögum Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingsköpum Fjórðungspings Vestfirðinga. Endurskoðun felst m.a. í því að setja þarf inn ákvæði um úrsögn úr sambandinu. Sjá **þingskjal 10**.

Þingforseti gaf orðið laust.

Til máls tók Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri í Vesturbyggð. Fram kom að hún fagnar tillögu Strandabyggðar um umhverfisvottun. Hún óskaði síðan eftir

stuðningi þingsins við ályktun samkvæmt þingskjali 7 varðandi fækkun sýslumannsembættu.

Þingforseti tilkynnti nú um hádegishlé og þingfundur hæfist að nýju kl 13.15.

Þingforseti Gústaf Jökull Ólafsson setti fund að nýju kl. 13.20

4. Ávörp gesta.

Stefanía Traustadóttir, Samgöngu- og sveitarstjórnarmálaráðuneyti. Flutti kveðju nýs ráðherra Ögmundar Jónassonar, sem tók við embættinu í gær, 2. september, af Kristjáni L Möller. Vegna þessara aðstæðna átti ráðherra ekki heimangengt. Stefanía fór yfir verkefni ráðuneytisins á sviði sveitarstjórnarmála s.s. efling sveitarstjórnarstigsins, endurskoðun sveitarstjórnarlaga, endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á sviði samgöngumála þar sem endurskoðun samgönguáætlunar stendur hæðst.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Óskaði hann nýjum sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum. Kynnti hann helstu verkefni Sambands íslensks sveitarfélaga, störfum þess og ábyrgð gagnvart sveitarfélögum, stefnu þess og samskiptum þess við ríkisvaldið. (Halldór studdist við glærur með erindi sínu og þær er að finna hér.)

Ásbjörn Óttarsson, fyrsti þingmaður norðvesturkjördæmis.

Óskaði hann nýjum sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum. Ræddi hann fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga og þann tekjuflutning sem átt hefur sér stað frá sveitarfélögum til ríkisins. Auk þess að ræða samgöngumál og málefni fiskveiðistjórnunarkerfisins..

Ólína Þorvarðardóttir, alþingismaður

Óskaði hann nýjum sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar í sínum störfum. Ræddi hún skipulagsmál og umhverfismál og kom einnig inn á aukna möguleika vestfirskra sveitarfélaga í vestnorrænu samstarfi.

5. Sóknaráætlun Vestfjarða, framvinda

Þorgeir Pálsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða og Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga.

Kynntu þeir stöðu og framvindu sóknaráætlunar Vestfjarða í tengslum við Sóknaráætlun 20/20. Verkefnið væri í biðstöðu en vænst næstu áfanga nú síðar mánuðinum. Fyrir liggur greining og ákveðnar tillögur fyrir Vestfirði. Leggja þarf ríka árherslu að stjórnvöld taki af skarið með uppbyggingu í tengslum við sérstöðu hvers landshluta, dæmi þar um er verkefnið Háskóli hafsins. (Glærur tengdu erindinu er að finna hér)

6. Undirbúningur aðildarviðræna Íslands og Evrópusambandsins.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra við sendiráð Íslands í Brussel, aðalsamningamaður Íslands. Stefán fór yfir störf samninganefndarinnar og þá málaflokka sem væru hvað flóknastir, eru það sjávarútvegsmál, landbúnaðarmál, gjaldeyrismál og byggðamál. (Glærur tengdu erindinu er að finna hér)

7. Efling velferðarþjónustu sveitarfélaga/tilflutningur málefna fatlaðra.

a. Arnheiður Jónsdóttir, verkefnastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga kynnti stöðu verkefnisins á Vestfjörðum í þessum málaflokka. Unnið er að undirbúningi að byggðasamlagi með dreifðri þjónustu. (glærur tengdu erindinu er að finna hér)

b. Sigurður H. Helgason, framkvæmdastjóri, Stjórnhættir ehf. Kynnti stöðu verkefnisins á landsvísu og markmið starfshóps sem vinnur að verkefninu á vegum félagsmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga (glærur tengdu erindinu er að finna hér)

Þingforseti opnaði fyrir fyrirspurnir.

Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða spurði um framlög til menntamála fatlaðra.

Sigurður Helgason svaraði fyrirspurn

Albertína Elíasdóttir kynnti tillögu að skiptingu framlagðra mála á þinginu á starfsnefndir þingsins. Þingskjal 5 verði skipt á milli fjórðungsmálanefndar og allsherjarnefndar, fjalli fjórðungsmálanefnd um eftirfarandi efnisatriði; efling sveitarstjórnarstigsins, menntun og rannsóknir, landbúnaður, samgöngur, orkumál og skipulagsmál. Allsherjarnefnd fjalli um; opinber verkefni, sjávarútveg og Evrópusamstarf. Þingskjali 6, 7 og 9 verði vísað til fjórðungsmálanefndar og þingskjali 8 og 10 til allsherjarnefndar.

Forseti bar upp tillögu Albertínu og var tillagan samþykkt.

Anna Guðrún Edvardsdóttir, flutti þinginu kveðju Guðbjarts Hannessonar, þingmanns í Norðvestur kjördæmi og frá í gær nýr, ráðherra félags og tryggingarmála og heilbrigðismála. Guðbjartur hafði í huga að ávarpa þingið en kemst ekki vegna anna.

Jenny Jensdóttir formaður kjörbréfanefndar, kynnti niðurstöðu nefndarinnar, að teknu tilliti til framlagðra umboða er mætt fyrir öll atkvæði sveitarfélaga á þinginu samkvæmt **þingskjali 2**, eða sem hér segir

Sveitarfélag	Aðalfulltrúar	Heildaratkvæðavægi sveitarfélags	
		fjöldi	%
Árneshreppur	Oddný Þórðardóttir	150	1,52%
Bolungarvík	Elías Jónatansson	1452	14,69%
	Anna Guðrún Edvardsdóttir		
	María Elísabet Jakobsdóttir		

Baldur Smári Einarsson
Ketill Elíasson
Jóhann Hannibalsson
Ylfa Mist Helgadóttir

Bæjarhreppur	Sigurður Kjartansson	288	2,91%
Ísafjarðarbær	Albertína Elíasdóttir Eiríkur Finnur Greipsson Steinþór Bragason Guðfinna Margrét Hreiðarsdóttir Kristín Hálfhánsdóttir Sigurður Pétursson Arna Lára Jónsdóttir Kristján Andri Guðjónsson Jóna Benediktsdóttir	3897	39,43%
Kaldrananeshreppur	Jenný Jensdóttir (veitir Sunnu Einarsdóttur umboð) Guðbrandur Sverrisson Óskar Torfason Magnús Ásbjörnsson (mætti ekki, veitir Guðbrandi Sverrissyni umboð) Sunna Einarsdóttir	342	3,46%
Reykhólahreppur	Andrea Björnsdóttir Eiríkur Kristjánsson Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir Gústaf Jökull Ólafsson	584	5,91%
Súðavíkurhreppur	Guðrún Elíasdóttir (mætti ekki, veitir Valgeiri Haukssyni umboð) Valgeir Hauksson Ester Rut Unnsteinsdóttir Ómar Már Jónsson Barði Ingibjartsson	410	4,15%
Strandabyggð	Jón Gísli Jónsson Ásta Þórisdóttir Bryndís Sveinsdóttir Jón Jónsson Katla Kjartansdóttir	759	7,78%
Tálknafjarðarhreppur	Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir Birna Sigurbjörg Benediktsdóttir Ásgeir Jónsson	594	6,01%
Vesturbyggð	Ingimundur Óðinn Sverrisson Ásgeir Sveinsson (mætti ekki, veitir Ingimundi Óðni Sverrissyni umboð),	1407	14,20%

Friðbjörg Matthíasdóttir
Geir Gestsson
Arnheiður Jónsdóttir
Jón Árnason
(mætti ekki, veitir Arnheiði Jónsdóttur,
umboð)
Guðrún Eggertsdóttir
(mætti ekki, veitir Arnheiði Jónsdóttur,
umboð)

Alls

9883 100,00%

Þingforseti Gústaf Jökull Ólafsson tilkynnti um fyrirkomulag kvöldverðar. Hann kallaði síðan nefndir til starfa og frestaði þingstörfum kl 15.40 til fyrramáls

Fjórðungsþing Vestfirðinga laugardagur, 4. september 2010.

Þingforseti Valdemar Guðmundsson og Gústaf Jökull Ólafsson
Þingritarar Bryndís Sveinsdóttir og Hafdís Sturlaugsdóttir

Þingforseti Valdemar Guðmundsson setti þingið að nýju kl. 9:30

8. Skýrsla fastanefndar um samgöngumál.

Framsaga Sigurður Pétursson, formaður nefndarinnar. Efni framsögu er að finna í viðauka þinggerðar. Umræða um fjármögnun og framkvæmdir um Veidileysuháls og Bjarnafjarðarháls á vegi norður í Árneshrepp. Umræða um stöðu og þær hugsanlegu leiðir til að ná fram því markmiði að Vestfjarðavegur nr 60 á sé lagður á láglandi úr Þorskafirði að austan í Gufufjörð að vestan. Til máls tóku Einar K. Guðfinnsson, Guðbrandur Sverrisson, Gústaf Jökull Ólafsson, Þorgeir Pálsson, Ólína Þorvarðardóttir, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Ólína Þorvarðardóttir (öðru sinn) og Einar K. Guðfinnsson (öðru sinni)

9. Afgreiðsla mála frá nefndum.

Umfjöllun fjórðungsmálanefndar framsaga flutt af Jóni Jónssyni, formanni nefndarinnar Kynnti hann **Þingskjal 11 áður þingskjal 5.** (hluti fjórðungsmálanefndar).

Efling sveitarstjórnarstigsins

- Tekið er undir þá stefnu að efla og styrkja sveitarstjórnarstigið í landinu með flutningi verkefna frá ríkinu. Áfram skal haldið athugun á kostum og göllum þess að sameina sveitarfélög á Vestfjörðum. Lögð er áhersla á að greiðar samgöngur milli sveitarfélaga sé ein af grundvallarforsendum þess að markmið um eflingu sveitarstjórnarstigsins náist.

Menntun og rannsóknir

- Tryggja verður rekstrargrundvöll og núverandi námsframboð Háskólaseturs Vestfjarða til framtíðar ásamt nauðsynlegu fjármagni til frekari uppbyggingar nýrra námsbrauta,

t.a.m. í meistaranámi. Áframhaldandi uppbygging háskóla Vestfjarða er liður í því að koma á fót Háskóla hafsins sem er í samræmi við Sóknaráætlun fyrir Vestfirði.

- Skorað er á stjórnvöld að tryggja áfram fjármögnun til rannsóknastarfs og þróunarvinnu á Vestfjörðum. Jafnframt sé tryggðir fjármunir til þróunar-, þekkingar- og fræðasetra á Vestfjörðum til lengri tíma lítið.
- Fjárframlög til Menntaskólans á Ísafirði má ekki skerða því brýnt er að eini framhaldsskóli fjórðungsins geti boðið upp á sem fjölbreyttast námsframboð. Framhaldsdeild á Patreksfirði verði fest í sessi til framtíðar og sem fyrst verði hafinn undirbúningur að stofnun framhaldsdeildar fyrir Strandir og Reykhólahrepp.
- Fjórðungsþing Vestfirðinga minnir á mikilvægi sí- og endurmenntunar og vill að staðinn verði vörður um það góða starf, sem fram fer í Fræðslumiðstöð Vestfjarða.
- Tryggja þarf að allir vestfirðingar geti nýtt sér það nám, sem í boði er á Vestfjörðum, hvar sem þeir búa.

Landbúnaður

- Mikilvægt er að standa vörð um sérstöðu vestfirskis landbúnaðar og styðja vestfirska framleiðendur við að, nýta kosti svæðisins í markaðsetningu og rekstri. Stórauka þarf stuðning við þróunar- og nýsköpunarverkefni í landbúnaði.
- Vakinn er sérstök athygli á því að Vestfirðir eru hreint svæði þegar kemur að sauðfjársjúkdómum og mikilvægt að ríkisvaldið hugi sérstaklega að því við uppbyggingu og viðhaldi sauðfjárveikivarnarsvæða.
- Skorað er á umhverfissráðherra, að endurskoða ákvörðun sína og gefa sveitarfélögum kost á að tilnefna fulltrúa í nefnd, sem fara skal yfir kosti og galla laga frá 1994 um vernd, veiðar og friðun villtra fugla og villtra spendýra og gera tillögur til úrbóta á lögum.

Samgöngur

Samþykkt Fjórðungsþings 2008 um stefnumótun í samgöngumálum á Vestfjörðum er í fullu gildi. Því ber að leggja þessa stefnumótun til grundvallar við gerð samgönguáætlunar til fjögurra ára, samgönguáætlunar til 12 ára og fjarskiptaáætlunar.

Endurbyggingu Vestfjarðavegar um Barðastrandarsýslu frá Flókalundi í Bjarkalund verður að hraða. Framkvæmdin er í ópolandi biðstöðu og stjórnvöld verða að höggva á þann hnút. Fyrir Alþingi liggur frumvarp til laga um lagningu vegarins, þar sem tillit er tekið til náttúruverndarsjónarmiða sbr. dóm Hæstaréttar nr. 671/2008. Þar er fallist á þau sex skilyrði sem umhverfissráðherra setti fram í úrskurði sínum 6. janúar 2007 og heimilar þar með lagningu vegar á láglandi í Gufudalssveit. Þá skal enn fremur minnt á að fordæmi eru fyrir því að sett sé sérstök lög um málefni sem varða almannahag.

- Áréttað er mikilvægi þess að tryggt sé fjármagn til reksturs Breiðafjarðarferjunnar Baldurs, sem er mikilvæg samgöngubót fyrir Vestfirði.

- Hafist verði handa við gerð jarðganga milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar eigi síðar en árið 2012.
- Skorað er á samgönguyfirvöld að göng milli Álftafjarðar og Skutulsfjarðar verði sett á samgönguáætlun 2011-2022.
- Mismunur á flutningskostnaði í landinu er með öllu óviðunandi og skerðir samkeppnishæfni fyrirtækja sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins. Því er nauðsynlegt að tillögur um jöfnun flutningskostnaðar nái nú þegar fram að ganga.
- Tryggja þarf öryggi gagnaflutninga á Vestfjörðum með hringtengingu ljósleiðara og endabúnaði sem svarar kröfum nútímasamfélags.
- Mikilvægt er að allir landsmenn sitji við sama borð þegar póstdreifing er annars vegar.
- Nauðsynlegt er að rekstur, viðhald og endurbætur flugvalla í fjórðungnum sé áfram tryggður, ekki síst í tengslum við sjúkraflyg. Þá verði kannaðir möguleikar á reglulegum flugsamgöngum milli norður- og suðursvæðs Vestfjarða yfir vetrartímann. Skerðingu á þjónustu í áætlunarflugi á Bíldudal og Gjögri er mótmælt.
- Brynt er að uppbyggingu samgöngumiðstöðvar í Reykjavík verði hraðað.
- Skorað er á samgönguyfirvöld að opna á ný möguleika á flugi frá Ísafjarðarflugvelli til Austur-Grænlands, með loftferðasamningi milli Íslands og Grænlands. Möguleikar Vestfirðinga á frekari samskiptum við næstu nágretta okkar í vestri eru að bundnar því að flugsamgöngur verði tryggðar.
- Fjórðungsþing Vestfirðinga felur stjórn að boða til samgönguþings í aðdraganda endurskoðunar samgönguáætlun 2011-2022. Tilgangur þingsins yrði fyrst og fremst sá að vekja athygli landsmanna á samgöngukerfi Vestfirðinga.
- Skorað er á samgönguyfirvöld að færa snjómokstur á Strandavegi 643 upp um þjónustuflokk.
- Gerð er sú krafa að GSM símasamband sé um alla Vestfirði.

Orkumál

Jöfnun orkuverðs og dreifingarkostnaðar raforku er eitt af grundvallaratriðum í jöfnun búsetuskilyrða í landinu. Stjórnvöld hafa haft framangreint að markmiði í raforkulögum. Lýst er miklum áhyggjum yfir því að stjórnvöld séu nú að færast frá þessu markmiði m.a. með raunlækkun framlaga á fjárlögum til niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar og slæglegri eftirfylgd með jöfnun dreifingarkostnaðar raforku í dreifbýli og þéttbýli. Hvatt er til að hraða boðaðri heildarendurskoðun raforkulaga þar sem skerpt verður á framangreindu markmiði.

- Hraða verður nútímavæðingu raforkukerfis Vestfirðinga og ákveða bestu mögulegu leiðir til uppbyggingar kerfisins til úrbóta fyrir afhendingaröryggi raforku á Vestfjörðum. Sérstaklega verði horft til þess möguleika sem stærrí vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum getur falið í sér við lausn þessa verkefnis. Einnig er bent á hraða þróun

endurnýtanlegra orkugjafa svo sem sjávarorku og vindorku og möguleika á uppbyggingu á Vestfjörðum í þeim efnum.

- Kallað er eftir skilum á skýrslu ráðgjafahóps sem iðndarráðherra skipaði í október 2009 til að fara yfir úrbætur á raforkuöryggi á Vestfjörðum og möguleika svæðisins til atvinnuuppbyggingar í orkufrekum iðnaði.
- Tryggja þarf að þrífösun rafmagns verði komið á til sveita sem allra fyrst, án þess að óeðlilegur kostnaður lendi á sveitarfélögum eða einstaklingum við framkvæmdina.

Skipulags-og umhverfismál.

Til framtíðar litið er skipulag á nýtingu strandsvæða eitt af mikilvægustu hagsmunamálum byggðar og atvinnulífs á Vestfjörðum. Framkvæði Fjórðungssambands Vestfirðinga og samstarfsaðila þess um gerð nýtingaráætlunar fyrir Arnarfjörð hefur nú hlotið stuðning stjórnvalda og ber að fagna því. Þar með er fyrsta skrefið stigið í átt að heildarskipulagi fyrir strandsvæði Vestfjarða.

Lögsögumörk sveitarfélaga til hafsins skulu færð út sem nemur einni sjómílu frá stórstraumsfjöruborði.

Fjórðungsþing Vestfirðinga samþykkir að stefna að sameiginlegri umhverfissvottun Vestfjarða í heild samkvæmt staðli Earth Check undir forystu Fjórðungssambands Vestfirðinga. Þingið felur stjórn og framkvæmdastjóra að kynna hugmyndina og kanna vilja sveitarstjórna og sækja um aðild að Earth Check fyrir Vestfirði í heild ef viðbrögð verða jákvæð.

Jóna Benediktsdóttir Ísafjarðarbæ, lagði fram þingskjal 12:

Breytingatillaga við aðra málsgrein þingskjals nr. 11 um samgöngumál

Endurbyggingu Vestfjarðavegar um Barðastrandarsýslu frá Flókalundi í Bjarkalund verður að hraða. Framkvæmdin er í óþolandi biðstöðu og stjórnvöld verða að höggva á þann hnút strax.

Seinni hluti málsgreinarinnar falli brott.

Geir Gestsson, Vesturbyggð lagði fram Þingskjal nr. 14 .

Viðaukatillaga við samgönguhluta þingskjals 11.

Stjórnvöld eru hvött til að framkvæmdaröð verkefna á leiðinni Bjarkarlundur – Flókalundur verði breytt, þannig að í lok kaflans Kjálkafjörður að Eiði verði farið í þverun Þorskafjarða verði um frekari tafir að ræða á svokallaðri leið B, þveranir Gufufjarðar og Djúpafjarðar.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal 11, 12 og 14 .

Til máls tók; Ásthildur Sturludóttir og ræddi um samgöngumál í tengslum við þingskjal 12

Kristján Andri Guðjónsson, lagði fram Þingskjal nr. 15

Viðaukatillaga við samgönguhluta þingskjals 11

Áréttað er mikilvægi þess að nýr vegur um Veidileysuháls verði að veruleika sem fyrst.

Þinggerð 55. Fjórðungspings Vestfirðinga,
Haldið á Hólmavík 3. og 4. september 2010

Þinggerðin er alls 20 bls. Þetta er bls. 11

Til máls tóku; Elías Jónatansson og Sigurður Pétursson og ræddu samgöngumál í tengslum við breytingu á Þingskjali 11 samkvæmt tillögu í Þingskjali 12.

Þingforseti bar upp tillögur sem hér segir.

Þingskjal 12 breytingartillaga, borin upp og felld með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

Þingskjal 14 viðaukatillaga borin upp og samþykkt með þorra atkvæða.

Þingskjal 15. viðaukatillaga borin upp og samþykkt.

Þingskjal 11, hluti fjórðungsmálanefndar borið upp með áorðnum breytingum. Samþykkt með þorra atkvæða.

Umfjöllun allsherjarnefndar framsaga flutt af Albertínu Elíasdóttur, formanni nefndarinnar Kynnti hún **Þingskjal 11 áður Þingskjal 5.** (hluti allsherjarnefndar).

55. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið á Hólmavík 3.- 4. september 2010 skorar á sveitarfélög og stjórnvöld að taka upp öflugra samstarf um áframhaldandi mótun og eftirfylgni Framtíðarsýnar og Sóknaráætlunar fyrir Vestfirði.

Í samstarfi sveitarfélaga og stjórnvalda hefur margt áunnist með verkefnum er varða byggða- og atvinnuþróun. Hægt hefur á neikvæðri íbúapróun sem rekja má að hluta til aðgerða í þessum málaflokkum. Hinsvegar hefur ekki orðið sá viðsnúningur í íbúapróun og aldurssamsetningu sem telja verður nauðsynlegan fyrir framtíð byggðar á Vestfjörðum. Í nýrri sóknaráætlun stjórnvalda verður að bregðast við þessari þróun á tvennan hátt. Annarsvegar verður að gera greinarmun á aðgerðum til varnar byggð og aðgerðum þar sem skilyrði eru til vaxtar. Hinsvegar verður að grípa til nýrra aðferða á borð við breytingar á skattkerfi til að laða að fólk og fyrirtæki til Vestfjarða.

Opinber verkefni

- Þingið skorar á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi starfsemi og fjárveitingar til opinberra stofnanna á Vestfjörðum. Sem dæmi má nefna að með breytingum á starfsemi sýslumannsembættis á Vestfjörðum er enn og aftur vegið að opinberum störfum á landsbyggðinni með tilheyrandi áhrifum á skatttekjur smærri samfélaga. Sömuleiðis þarf að huga að öðrum störfum til dæmis í heilbrigðisþjónustu. Með fækkun opinberra starfa er vegið að efnahag og samfélagsgerð Vestfjarða. Ekki verði lögð niður opinber störf nema að flutningur annarra opinberra verkefna komi í staðinn. Þingið áréttar að þótt oft sé auðveldast að skera niður það sem fjærst er, þá er slíkt ekki alltaf hagkvæmast til lengdar.
- Staðið verði við endurskoðun á samstarfssamningi vestfirskra sveitarfélaga og ríkisins á sviði menningarmála. Samningurinn verði til fjögurra ára á óbreyttu starfssvæði og að framlag ríkisins verði ekki lægra en meðaltal áranna 2007-2010. Jafnframt styðji ríkisvaldið við Menningarmiðstöðvar á Vestfjörðum með svipuðum hætti og verið

hefur á Austurlandi.

- Lagt er til að stoðkerfi atvinnu- og byggðaðróunar verði endurskoðað þannig að þeir skarist ekki og skapi óæskilegt umhverfi fyrir framþróun og fjármögnun verkefna svæðisins.
- Stjórnvöld beiti sér fyrir því að tryggja áframhaldandi fjármagn til verkefna sem lögð voru til í skýrslu Vestfjarðanefndarinnar sem og í verkefni sem sett voru á laggirnar til mótvægis við samdrátt í þorskveiðum.
- Tryggja þarf rekstur og ráðgjöf Fjölmenningsseturs til framtíðar en breyttar þjóðfélagsaðstæður geta valdið því að innflytjendur eigi frekar undir högg að sækja á Íslandi og lendi í hópi þeirra sem minnst mega sín.
- Taka þarf aðgerðir annara landa til skoðunar sem nýtt hafa ýmis úrræði til að sporna gegn neikvæðri byggðaðróun, í þeim tilgangi að bæta búsetuskilyrði í fjórðungnum. Nauðsynlegt er að kanna hvort æskilegt sé að búa til ákveðið öryggisnet fyrir byggð sem getur lent í langvarandi neikvæðri byggðarþróun, til að varna því að sveitarfélög eða landsvæði lendi í ógöngum, t.d. jöfnun flutningskostnaðar, hvetjandi námslánafyrirkomulag til hækkunar á menntastigi svæðisins og ívilnanir til fyrirtækja.
- Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða hefur ekki verið fylgt eftir með eflingu almenningsgangna, fremur er treyst á einkabíl. Hækkun gjalda á rekstur bifreiða leggst því með fullum þunga á þá íbúa sem sækja vinnu og þjónustu um langan veg. Við þessu þarf að bregðast með eflingu almenningsgangna.
- Álagning virðisaukaskatts á flutning hráefnis og afurða framleiðslufyrirtækja skekkir samkeppnistöðu þeirra gagnvart fyrirtækjum á höfuðborgarsvæðinu. Minnt er á að úttekt á þessum málaflokki hefur legið fyrir um langan tíma auk tillögugerðar á miðju ári 2008. Síðast en ekki síst býr hluti landsmanna við vegakerfi sem er áratugum á eftir í uppbyggingu miðað við önnur landsvæði. Þar til úrbótum er lokið verður að jafna þennan aðstöðumun sem felst í auknum kostnaði við flutninga s.s.vegna vetrarfærðar, þungatakmarkana og slits á ökutækjum.

Sjávarútvegur

- Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar á stjórnvöld að endurskoða ákvörðun um heildarafla á Íslandsmiðum með það fyrir augum að auka hann og styrkja efnahag og atvinnulíf í landinu. Ástand fiskistofna og fiskigengd á miðunum gefur vísbendingar um að svigrúm sé til að auka veiðiheimildir í þorski, án þess að það komi niður á uppbyggingu stofnsins til lengri tíma.

- Nauðsynlegt er að stjórnvöld marki skýra stefnu til framtíðar í fiskveiðistjórnun. Nú þegar nefnd sjávarútvegsráðherra um endurskoðun fiskveiðistjórnunarkerfisins skilar af sér, þarf að hraða endurskoðun kerfisins til að eyða sem fyrst óvissu um framtíðarskipan þess. Meirihluti Vestfirðinga byggir afkomu sína, með beinum eða óbeinum hætti, á sjávarútvegi og þjónustu við hann. Vöxtur og viðgangur greinarinnar er því lífsnauðsynlegur svæðinu og ber að leita allra leiða til að tryggja framþróun vestfirskis sjávarútvegs.
- Stórauka þarf stuðning við þróunar- og nýsköpunarstarf innan sjávarútvegsins, t.d. í fiskeldi, kræklingarækt, sjávartengdri ferðaþjónustu og nýjungum í matvælaframleiðslu.
- Mikilvægt er að tryggja að strandveiðikerfið verði áfram við lýði og eflt enn frekar, en að tilhögun þess verði tekið til endurskoðunar með það í huga að auka jöfnuð. Jafnframt verði tekið upp umbunarkerfi til þeirra sem landa beint til vinnslu.

Evrópusamstarf

- Ísland hefur sótt um aðild að Evrópusambandinu og mun Íslendingum gefast kostur á að leiða þetta hagsmunamál til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ásamt sjávarútvegi og landbúnaði eru byggða- og sveitarstjórnarmál viðamestu málaflokkarnir í þessu ferli. Gera verður kröfu til samninganefnda Íslands um að þær dragi fram sérstöðu svæða á borð við Vestfirði.
- Mikilvægt er fyrir vestfirsk sveitarfélög að eiga hlut í því aukna Evrópusamstarfi sem vænta má að fylgi aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Því er lagt til að Fjórðungssambandið leggi áherslu á þátttöku í samstarfi sveitarfélaga á evrópska vísu, með sérstaka áherslu á samstarf sveitarfélaga á norðlægum slóðum og á strandsvæðum Evrópu.

Þingskjal nr. 13 áður þingskjal 10 lagt fram af Albertínu Elíasdóttur

Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

1. gr.

Sambandið nefnist Fjórðungssamband Vestfirðinga og starfssvæði þess er Vestfirðir allir að Brekkuá að vestan og austur um að Stikuhálsi milli Bitru og Hrútafjarðar.

2. gr.

Markmið sambandsins eru:

- að vinna að hagsmunum aðildarsveitarfélaga.
- að efla samvinnu sveitarfélaga og sveitarstjórnarmanna.
- að efla búsetu og atvinnulíf á Vestfjörðum.

Sambandið skal starfa í samvinnu við önnur landshlutasamtök sveitarfélaga, Samband íslenskra sveitarfélaga og samstarfsnefndir sveitarfélaga á Vestfjörðum auk annarra félaga og stofnana sem starfa á vestfirska vísu, eftir því sem við á.

3. gr.

Fjórðungsþing skal kallað saman árlega, eigi síðar en í september.

Stjórn sambandsins boðar til þingsins með minnst fjögurra vikna fyrirvara og skal dagskrá send sveitarstjórnnum eigi síðar en tíu dögum fyrir þingið. Þingið er lögðætt ef löglega er til þess boðað.

Aukaþing skulu haldin þegar stjórn sambandsins telur ástæðu til svo og þegar fjórðungur sveitarfélaga innan sambandsins óskar þess, enda sé fundarefnið tilgreint.

Boðað skal til aukapings með a.m.k. viku fyrirvara.

4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára, og aftur á miðju kjörtímabilinu. Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungsþingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. desember næstliðið ár, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:

Sveitarfélag með 200 íbúa eða færri	Vogtala 3.0
Sveitarfélag með 201-500 íbúa	Vogtala 2.0
Sveitarfélag með 501-1000 íbúa	Vogtala 1.5
Sveitarfélag með fleiri en 1000 íbúa	Vogtala 1.0

Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa.

Sveitarstjórn skal senda Fjórðungssambandinu tilkynningu um kjör fulltrúa á Fjórðungsþing. Stjórn sambandsins er heimilt að bjóða til Fjórðungsþings aðilum, sem tengjast umfjöllun og starfi sambandsins, og hafi þeir málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Á Fjórðungsþingi skal kjósa fimm menn í stjórn sambandsins og jafn marga til vara og skal kjörtímabil stjórnar vera tvö ár. Kjörgengir til stjórnar eru aðal- og varafulltrúar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum. Á þinginu skal kjósa tvo endurskoðendur og tvo til vara.

Úr hópi kjörinna stjórnarmanna kys Fjórðungsþing formann stjórnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Stjórnarformaður, sem gegnt hefur formennsku í fjögur ár samfleytt, er ekki kjörgengur til formannskjörs fyrr en að jafnlöngum tíma liðnum.

Stjórnin skal undirbúa og hafa umsjón með Fjórðungsþingi. Milli þinga skal stjórn vinna að framkvæmd mála sem þingin ákveða hverju sinni eða lög frá Alþingi segja til um. Stjórn er heimilt að hafa frumkvæði að málum sem og að taka upp mál sem sveitarfélög innan sambandsins beina til hennar og varða hagsmuni vestfirskra sveitarfélaga.

6. gr.

Heimili og varnarþing sambandsins er á Ísafirði.

7. gr.

Reikningsár sambandsins er almanaksárið.

8. gr.

Fyrir Fjórðungsþing skal leggja endurskoðaða reikninga sambandsins fyrir síðastliðið ár og fjárhagsáætlun fyrir næsta ár. Þingið skal úrskurða reikninga, afgreiða endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins og fjárhagsáætlun næsta árs og ákveða árstíllag sveitarfélaganna til sambandsins, sem skal greitt með fjórum jöfnum afborgunum, 15. febrúar, 15. maí, 15. ágúst og 15. nóvember ár hvert.

9. gr.

Kostnaður við stjórn sambandsins, fundarhöld, ferðalög stjórnar og annar sameiginlegur kostnaður greiðist úr sameiginlegum sjóði. Þóknarir vegna stjórnarsetu skulu ákveðnar á Fjórðungsþingi.

Hvert sveitarfélag greiðir ferðakostnað eigin fulltrúa.

10. gr.

Tillögur til breytinga á samþykktum þessum skulu sendar aðildarsveitarfélögum með dagskrá þingsins. Breyta má lögum þessum á Fjórðungsþingi og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breyting nái fram að ganga.

11. gr.

Kjósi sveitarfélag að hætta þátttöku í Fjórðungssambandinu, skal tilkynna það stjórn eigi síðar en sex mánuðum fyrir Fjórðungsþing og tekur úrsögnin gildi um næstu áramót á eftir. Á kosningarári skal úrsögn tilkynnast fyrir 1. júlí. Við úrsögn skal reikna út eignarhlut eða skuld sveitarfélags í samtökunum. Greiðsla til sveitarfélags, eða frá sveitarfélagi, skal vera í hlutfalli við íbúafjölda. Hætti sveitarfélag þátttöku í sambandinu þá skal jafnframt fara fram endurskoðun á samþykktum þessum.

12. gr.

Fjórðungssambandið verður ekki lagt niður nema tvö löglega boðuð Fjórðungsþing samþykki það með 2/3 hluta atkvæða. Þingin skulu haldin með a.m.k. þriggja mánaða millibili. Tillaga að slitum sambandsins skal fylgja fundarboði. Áður en seinni fundurinn er haldinn skal afstaða aðildarsveitarfélaga til slitanna liggja fyrir. Til þess að slit á sambandinu nái fram að ganga þurfa 2/3 hlutar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga að staðfesta þau.

13. gr. (bráðabrigðaákvæði)

Samþykktir þessar taka gildi að afloknu 55. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2010.

Þannig samþykkt á 55. Fjórðungsþingi Vestfirðinga 2010.

Þingsköp fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga

1. gr.

Árþingið heitir Fjórðungsþing Vestfirðinga.

2. gr.

Þingið er haldið samkvæmt lögum sambandsins.

3. gr.

Formaður stjórnar sambandsins, eða annar í umboði hans, setur þingið og gengst fyrir kosningu þingforseta. Lætur forseti því næst kjósa varaforseta og ritara, einn eða fleiri, og rita þeir eða láta rita í gerðabók gerðir þingsins og atkvæðagreiðslur og skal bókun lesin upp í þinglok, sé þess óskað. Heimilt er að færa þinggerð í tölvu. Heimilt er þingforsetum að ráða utanþingsskrifara til aðstoðar ritara. Heimilt er að senda út og hljóðrita ræður þeirra sem til máls taka á þingfundum.

4. gr.

Kjörbréf fulltrúa skulu lögð fyrir þingið í upphafi þess, undirrituð af hlutaðeigandi sveitarstjórn, eða framkvæmdastjóra hennar. Þingfundur kýs þriggja manna kjörbréfanefnd til að athuga kjörbréf fulltrúa í upphafi þings og leggur hún niðurstöður sínar fyrir fundinn til samþykktar eða synjunar.

5. gr.

Fulltrúar skulu tilkynna þingforseta skriflega málefni þau er þeir óska að komi til umræðu og sé jafnframt getið flutningsmanna. Þingforsetar ráða röð málanna á dagskránni.

6. gr.

Í upphafi þings skal kjósa eftirtaldar fastar nefndir: Fjórðungsmálanefnd, fjármálanefnd og allsherjarnefnd. Málum skal, eftir eðli þeirra, vísað til þeirra nefnda en kjósa má fleiri nefndir ef þurfa þykir. Rísi ágreiningur um til hvernar nefndar skuli vísað sker þingfundur úr. Á þingum, þegar stjórnarkjör fer fram, skal þingið kjósa fimm manna kjörnefnd sem gera skal tillögur að skipan stjórnar, varastjórnar, aðal- og vara- endurskoðenda. Á dagskrá má taka mál, sem síðar koma, ef þingfundur leyfir.

7. gr.

Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum á fundum. Mál er fallið ef atkvæði eru jöfn.

8. gr.

Tvær umræður skulu fara fram um hvert mál, þó er heimilt að víkja frá þessari reglu ef fundurinn samþykkir. Við lok fyrri umræðu skal málum vísað til nefnda. Eftir umfjöllun nefnda skal mál tekið til annarrar umræðu og afgreiðslu þings.

9. gr.

Hver þingfulltrúi hefur leyfi til að koma með breytingar- eða viðaukatillögur, bæði við aðaltillögur og breytingartillögur. Breytingartillögur hafa forgangsrétt við atkvæðagreiðslur. Allar tillögur skal afhenda forseta skriflega, undirritaðar af tillögumanni, áður en til atkvæða er gengið.

10. gr.

Máli má víkja frá umræðu með rökstuddri dagskrá og skal hún borin undir atkvæði þingfundar.

11. gr.

Atkvæðagreiðsla fari fram með nafnakalli, ef þess er krafist, eða ef hún er óljós að dómi forseta. Sé óskað skriflegrar atkvæðagreiðslu, skal hún fara fram og skal stjórnin hafa tiltæka atkvæðaseðla miðað við atkvæði hvers þingfulltrúa.

12. gr.

Þegar forseti vill taka þátt í umræðum vikur hann sæti en varaforseti gegnir þá forsetastörfum.

13. gr.

Fulltrúar skulu taka til máls standandi frá sætum sínum eða í ræðustól og snúa máli sínu til forseta, sem sjá skal um, að fulltrúar taki til máls í réttri röð, eftir því sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Enginn fulltrúi má í ræðu sinni lesa upp prentað mál, nema með leyfi forseta.

14. gr.

Enginn fulltrúi má taka oftari til máls en þrisvar sinnum við sömu umræðu í hverju máli, en þó skulu flutningsmenn máls og framsögumenn meiri- og minnihluta nefnda hafa rétt til að taka oftari til máls.

15. gr.

Forseta skal skylt að bera undir atkvæði hvort umræðum skuli hætt, ef fimm fulltrúar æskja þess skriflega.

16. gr.

Forseti sér um að góð regla sé á fundum og hefur rétt til að víta framkomu fulltrúanna í orðum og hátterni. Sé fulltrúi mjög ókurteis í orðum hefur forseti leyfi til að taka af honum orðið við þá umræðu. Skyldir skulu fulltrúarnir til að aðstoða forseta í að halda góðri reglu.

17. gr.

Þingfundir skulu öllum opnir á meðan húsrúm leyfir án málfrelsis og tillöguréttar. Heimilt er að halda lokaðan þingfund ef meirihluti þingfulltrúa samþykkir.

18. gr.

Þingsköpum þessum má breyta og þarf 2/3 hluta gildra atkvæða til að breytingin nái fram að ganga.

Til máls tóku;

Sigurður Pétursson, sem ræddi strandveiðar í tengslum við kafla þingskjals 11 um sjávarútvegsmál og Þorgeir Pálsson, sem ræddi fjárhagsstöðu, stöðu framkvæmdastjóra og umhverfi Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða. í tengslum við kafla í þingskjali 11 um endurskoðun stoðkerfis atvinnulífs.

Þingskjal númer 11 (hluti allsherjarnefndar) var borið upp og samþykkt samhljóða. Þingskjal 11 áður þingskjal 5 borið upp með áorðnum breytingum, borið upp og samþykkt samhljóða. Umræður um þingskjal nr. 13. Engar umræður urðu.

Þingskjal númer 13 var borið upp og samþykkt samhljóða.

Þingskjal 16 borið fram af Önnu Guðrúnu Edvarðsdóttur, um þóknun stjórnar.

Þingskjali 16 var vísað til fjárhagsnefndar. Formaður fjárhagsnefndar kynnti að nefndin hefði fjallað um efni tillögunnar.

Þingskjal nr. 16 borið upp og samþykkt með meiri hluta atkvæða

Baldur Smári Einarsson, formaður Fjárhagsnefndar, lagði fram **þingskjal nr 17** áður þingskjal 3. Ársreikningur 2009, endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010 og fjárhagsáætlun 2011.

Ársreikningur 2009 bornir upp og samþykktur samhljóða

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2010 og fjárhagsáætlun fyrir 2011.

Þingforseti gaf orðið laust. Enginn kvaddi sér hljóðs

Endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir 2010 borin upp og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun fyrir 2011 borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti tilkynnti kl 11.30 hádegishlé samkvæmt dagskrá

Fundi haldið áfram eftir hádegihlé kl.12:40

Þingforseti Gústaf Jökull Ólafsson, tók við störfum þingsins.

10. Önnur mál.

Kosningar

Elías Jónatansson, formaður kjörnefndar hafði framsögu um **þingskjal nr 18**.

Í framsögu sinni benti hann á að í samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga væri ekki tilgreint að kjósa ætti samgöngunefnd með þeim hætti sem lagt væri til í dagskrá þingsins.

Beindi hann til þingsins að taka til umræðu breytingar á samþykktum hvað þetta varðar.

Stjórn:	Varastjórn:
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð	Birna Benediktsdóttir, Tálknafjarðarhreppi
Jón Jónsson, Strandabyggð	Sveinn Ragnarsson, Reykhólahreppi
Ómar Már Jónsson, Súðavíkurhreppi	Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ	Jóna Benediktsdóttir, Ísafjarðarbæ
Formaður:	
Albertína Elíasdóttir, Ísafjarðarbæ	Guðfinna Hreiðarsdóttir, Ísafjarðarbæ

Tillaga um stjórn borin upp og samþykkt samhljóða

Tillaga um foman borin upp og samþykkt samhljóða

Skoðunarmenn:	Varaskoðunarmenn:
Ólafur Bjarni Halldórsson, Ísafjarðarbæ	Daðey Einarsdóttir, Bolungarvíkurkaupstað
Guðmundur St Björgmundsson, Ísafjarðarbæ	Gísli Jón Hjaltason, Ísafjarðarbæ

Tillaga um skoðunarmenn borin upp og samþykkt samhljóða

Heilbrigðisnefnd:	Varafultrúar:
Jón Reynir Sigurvinsson, Ísafjarðarbæ	Hjalti Karlsson, Ísafjarðarbæ
Kristján G. Jóakimsson, Ísafjarðarbæ	Hildur Halldórsdóttir, Ísafjarðarbæ
Kristján Arnarson, Bolungarvíkurkaupstað	Svanlaug Guðnadóttir, Ísafjarðarbæ
Jón Hörður Elíasson, Kaldrananeshreppi	Elva Björk Bragadóttir, Strandabyggð
Kolfinna Guðmundsdóttir, Vesturbyggð	Ingibjörg Kristjánsdóttir, Reykhólahreppi

Tillaga um heilbrigðisnefnd borin upp og samþykkt samhljóða

Fastanefnd um samgöngumál:	
Aðalfulltrúar:	Varafulltrúar:
Ísafjarðarsýsla	
Elías Jónatansson	Guðfinna Hreiðarsdóttir
Vestur - Barðastrandarsýsla	
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir	Magnús Ólafs Hansson
Strandasýsla	
Guðbrandur Sverrisson	Jón Gísli Jónsson
Austur- Barðastrandarsýsla	
Gústaf Jökull Ólafsson	Eiríkur Kristjánsson

Tillaga um samgöngunefnd borin upp og samþykkt samhljóða

Löggiltir endurskoðendur	Endurskoðun Vestfjarða ehf

Tillaga um löggilta endurskoðendur borin upp og samþykkt samhljóða

Þingforseti gaf nú orðið laust

Til máls tók Albertína Friðbjörg Elíasdóttir nýkjörinn formaður og þakkaði það traust sem henni væri sýnt með þessu kjöri. Horfði hún fram til árangursríks samstarfs með sveitarstjórnnum á Vestfjörðum og stjórn sambandsins.

Að lokum tók Anna Guðrún Edvardsdóttir til máls, þakkaði heimamönnum fyrir góðar viðtökur, þingfulltrúum fyrir góð þingstörf og sleit síðan 55. Fjórðungspingi Vestfirðinga.

Þinginu slitið kl. 13:00.

Valdemar Guðmundsson, þingforseti
Gústaf Jökull Ólafsson, vara þingforseti

Viðhengi.

- Þingskjal 3, ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga 2009
- Þingskjal 4, skýrsla formanns
- Þingskjal 4, skýrsla framkvæmdastjóra
- Þingskjal 17, áður þingskjal 3
- Önnur gögn sem kynnt voru á þinginu s.s. glærur fyrirlesara og hljóðupptöku af þingstörfum er að finna vef Fjórðungssambands Vestfirðinga www.fjordungssamband.is
Þar má einnig finna ályktanir þingsins í heild í einni ályktun undir heitinu *Þótt líði ár og öld*